

- 198** Kröfur sem bæjarsjóður kann að öðlast, samkvæmt reglugerð þessari, má taka
 23. des. lögtaki á kostnað gjaldenda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með fasteignaveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjaldsins er 1. febrúar ár hvert, í fyrsta sinn 1. febrúar 1959.

6. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar ná til allra holræsa, sem bærinn hefur látið gera, eldri ræsa svo og Búðararræsis, enda annast hann viðhald og endurnýjun þeirra.

Húseigendum er og skylt að annast viðhald og endurnýjun ræsa frá húsum sínum að aðalræsi, sbr. ákvæði 2. gr. um fyrirmæli umsjónarmanns.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 5 000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 136 8. ágúst 1947 um holræsi í Húsavíkurhreppi.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

199
 23. des.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Húsavíkur.

1. gr.

Vatnsveita Húsavíkur er eign Húsavíkurbæjar og rekin í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja í kaupstaðnum, eftir því sem við verður komið og reglugerð þessi kveður nánar á um.

Vatnsveita Húsavíkur er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Húsavíkurkaupstaðar með sérstöku reikningshaldi.

Reikningar vatnsveitu Húsavíkur skulu jafnan fylgja reikningum bæjarsjóðs Húsavíkur til endurskoðunar og samþykktar.

2. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur hefur æðsta vald í málefnum vatnsveitunnar og í umboði hennar annast vatnsveitunefnd umsjón með framkvæmd starfa, er vatnsveituna varðar.

Vatnsveitunefnd skal skipuð þrem mönnum og jafnmörgum til vara, kosnum af bæjarstjórn til eins árs í senn.

Heimilt er vatnsveitunefnd að fengnu samþykki bæjarstjórnar, að ráða vatnsveitustjóra eða umsjónarmann fyrir vatnsveituna, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar, sem vatnsveitunefnd og

bæjarstjórn telja nauðsynleg. Setja má starfsmanni þessum erindisbréf af vatns- 199
veitunefnd, enda hljóti það samþykki bæjarstjórnar, svo og ráðningarkjör hans. 23. des.

3. gr.

Vatnsveita Húsavíkur hefur einkarétt til sölu vatns í Húsavíkurkaupstað og nýtingar vatnslinda í landi kaupstaðarins til vatnsnota, sbr. 1. gr. Þeir vatnsnotendur, sem ekki hafa tengdar heimæðar sínar aðalvatnsveitukerfinu og óska eftir að nýta vatnslind í landi kaupstaðarins til eigin þarfa, skulu sækja um sérstakt leyfi til vatnsveitunefndar þar að lútandi. Vatnsveitunefnd setur skilyrði fyrir þess konar vatnsnot og ákveður greiðslu fyrir þau.

4. gr.

Óheimilt er að leggja vatnsæðar frá eða tengja við vatnsæðar vatnsveitu Húsavíkur, nema með leyfi vatnsveitunefndar. Ekki er heimilt að leggja vatnsæðar nema undir umsjón manns, sem bæjarstjórn, að tillögu vatnsveitunefndar, hefur viðurkennt hæfan til þess konar starfa.

Húseigendum ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götuloögnum í hús sín og annast viðhald þeirra, hvort heldur um er að ræða nýjar lagnir eða eldri. Eigendur húsa, sem tengd eru með heimæð frá aðalæð vatnsveitunnar, skulu kosta viðhald hennar að aðalæð.

Skylt er húseigendum að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, þar með talin heimæð, ef leki kemur að þeim.

Engin má eyða vatni að óþörfu. Ekki má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með sérstöku leyfi vatnsveitunefndar. Óheimilt er án leyfis vatnsveitunefndar að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

5. gr.

Vatnsveitustjóri eða umsjónarmaður hefur eftirlit með vatnsveitunni og er öllum neytendum skylt að fara að fyrirmælum hans um efni til vatnsæða, viðhald og lagningu þeirra og um annað það, sem lýtur að frágangi vatnslagna.

6. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum þeirra notenda, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það þannig að óþrifum eða óþægindum valdi eða vanrækja viðhald á pípum og tækjum tengdum vatnsveitunni. Starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til að athuga vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu vatnsveitunnar, sem nauðsynlegar kunna að teljast.

7. gr.

Bæjarstjórn getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma í senn á vissum svæðum vatnsveitukerfisins eftir ástæðum, til þess að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án vatns verið, nægilegt vatn og til þess að tryggja neytendum vatn, sem annars kynnu að verða útundan um vatnsnot, vissa tíma í senn. Ætíð skulu slíkar aðgerðir auglýstar með svo rúmum fyrirvara, sem auðið er. Heimilt er að loka fyrir vatn meðan hreinsun eða viðgerð fer fram á geymum eða æðum vatnsveitunnar, enda skal lokun tilkynnt vatnsnotendum að jafnaði fyrirfram, ef unnt er.

8. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem virtar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða frá og nemur hann

199 árlega sem næst 2% — tveim af hundraði — fasteignamats. Árlegan vatnsskatt
 23. des. annarra fasteigna, sbr. 3. gr., ákveður vatnsveitunefnd. Nú er um að ræða húseignir, þar sem fram fer vatnsnot til annars en venjulegra heimilisnota, t. d. vegna atvinnurekstrar og annarrar starfrækslu, frystihús, baðhús, sundlaugar, þvottahús, efnalaugar, þvottastöðvar, mjólkurbú, mjólkurbúðir, sláturhús, kjötvinnsla, fiskvinnslustöðvar, fiskbúðir, fiskaðgerðarhús, söltunarstöðvar, efnagerðir, mjólkurisframleiðsla, veitingahús, brauðgerð og annar iðnaður, sem þarf vatnsnot vegna framleiðslunnar, skal hinn árlegi vatnsskattur greiðast með 50% álagi. Skytt er að greiða vatnsskatt af húseignum og mannvirkjum, sem eru í byggingu, þótt ekki liggja fyrir fasteignamat, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunefndar.

Vatnsskattur skal þó aldrei vera lægri en kr. 300.00 árlega.

9. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

- a. Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar, fyrir hver 100 kg af sementsnotkun kr. 1.00.
- b. Vatnsnotkun vegna þvotta á bifreiðum skráðum eða í umsjá heimilisfastra aðila í kaupstaðnum, skal greiða árlega fyrir hverja bifreið með kr. 50.00. Innheimta skal gjald þetta hjá umráðamönnum bifreiðanna, nema samkomulag náist við eigendur þvottastöðva fyrir bifreiðar um greiðslu gjaldsins.
- c. Vatnsnotkun til skepnuhalds: Fyrir nautgripi sem standa inni greiðist árlega á grip kr. 50.00, fyrir hross kr. 30.00.
- d. Vatnsnotkun í fjárhúsum: Fyrir hverja kind sem sett er á vetur skal greiða kr. 1.00.
- e. Vatnsnotkun í sláturhúsum: Á hverja slátraða sauðkind skal greiða kr. 0.40, en á hvern stórgrip og alisvín kr. 15.00.
- f. Vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða með kr. 1.25 á hverja tunnu uppsaltaðrar síldar. Skytt skal síldarsaltendum að greiða eigi lægra gjald en sem svarar 1000 tunnu söltun af hverri stöð. Greiða skal kr. 1.25 í vatnsskatt af tunnu síldar sem fer til frystingar.
- g. Vatnsnotkun til síldarbræðslu skal greiða með kr. 1.00 á hvert síldarmál, þó aldrei lægra gjald en svari til 1000 mála.
- h. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 6.00 á hverja smálest af innvegnum fiski.
- i. Vatnsnotkun af mjólkurvinnslu skal greiða með kr. 6.00 á hverja smálest af innveginni mjólk.
- j. Vatn til skipa skal greiða með kr. 50.00 af hverri smálest eða hluta úr smálest. Ef um er að ræða vatnskaup í stórum stíl, er bæjarstjórn heimilt að veita afslátt, þó aldrei meiri en 50%.

Skip sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

- k. Vatnsnotkun vegna fastra véla í húsum, annarra en venjulegra heimiliséla, t. d. kælikerfis, uppþvottavéla o. fl., skal greiða með kr. 0.50 á hverja smálest eftir vatnsmæli, þó er vatnsveitunefnd heimilt að semja um þessi not við hlutadeigendur, enda samþykki bæjarstjórn samkomulagið.
- l. Vatnsnot heimabáta greiðast eftir reglum samþykktum af bæjarstjórn.
- m. Greiðsla fyrir önnur þau vatnsnot, sem ekki eru upptalin í þessari grein og ekki heyra undir ákvæði 8. gr., skal fara eftir ákvörðun vatnsveitunefndar.

Jafnan skal stuðst við vatnsmæla við ákvörðun vatnsnota ef aðstæður leyfa.

10. gr.

199

Par sem vatnsnot eru mikil eða komi í ljós að þau séu óeðlileg, er vatnsveitunefnd og bæjarstjórn heimilt að krefjast aukavatnsskatts, samkvæmt vatnsmæli eða eftir ákvörðun nefndarinnar. 23. des.

Aukavatnsskatturinn skal miðaður við kr. 0.80 á smálest. Komi í ljós samkvæmt vatnsmæli að vatnsnot þeirra, sem greiða vatnsskatt samkvæmt 9. gr. og ákvæðum 8. gr. um aukaálag, eru meiri en svarar samanlögðum vatnsskatti miðað við kr. 0.50 á hverja smálest.

11. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að breyta vatnsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50% til hækkunar og lækkunar bæði í heild og einstökum liðum.

12. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti samkvæmt ákvæðum 8. gr. skal vera 1. febrúar, í fyrsta sinn 1. febrúar 1959, en af vatnsskatti til atvinnurekstrar samkv. 9. gr. við lok hvers mánaðar.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta.

Skatturinn nýtur lögveðréttar í húseignum í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Reikningsár vatnsveitu Húsavíkur er almanaksárið.

13. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitunnar og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef samkomulag eigi næst.

14. gr.

Þeir sem óska að fá vatn úr vatnsæðum vatnsveitunnar til afnota um stundarsakir, skulu bera allan kostnað af bráðabirgðavatnslögnum í sambandi við slíka vatnsnotkun. Heimilt er vatnsveitunefnd að loka fyrir vatnsæðar, sem þannig eru settar, að hætta geti verið á að í þeim frjósi vatn.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með mál út af broti á reglugerð þessari skal farið sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga aðm áli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Húsavíkur nr. 178 9. okt. 1951.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.